



Blandaður úrgangur



Pappi og pappír



Plastumbúðir



Matarleifar

Útfærsla á sorphirðu og flokkun við heimili í Snæfellsbæ


Í Snæfellsbæ er þriggja tunnu kerfi fyrir fjóra flokka af sorpi, þar sem ein tunnan hefur auka hól. Þrjár 240 lítra tunnur eru við hvert hús auk 35 lítra hóls í einni tunnunni.

1. Almennit sorp er fyrir blandaðan úrgang sem ekki er hægt að endurvinna.
2. Hólf undir matarleifar er í almennu tunnu fyrir matarafganga, kaffikorg, eggjaskurn o.s.frv. Allt sorp sem fer í hól undir matarleifar skal vera í bréfpoka.
3. Pappi og pappír er fyrir pappír, fernur og bylgjupappa.
4. Plast er fyrir plastflöskur, plastumbúðir, plastpoka og plastfilmur.

Til viðbótar eru grenndarstöðvar sem taka á móti málmum og gleri. Þær eru staðsettar við N1 á Hellissandi, spennistöðina við Háarif og við Mettubúð í Ólafsvík.

Á Arnarstapa og Hellnum eru einnig grenndarstöðvar. Flokkað er þar í fjóra flokka; almennt, pappi, plast og lífrænt.

Losunarætlun er birt á heimasíðum Snæfellsbæjar og Kubbs.



Skannaðu QR-kóðann til að fara beint inn á upplýsingar um sorphirðu á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Sorphirða í Snæfellsbæ



Að undangengnu útboði hefur Snæfellsbær samið við Kubb ehf. um að annast söfnun úrgangs frá heimilum í sveitarfélaginu.

Meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála og stór hluti í þeirri umhverfissvæðingu sem almennt er að eiga sér stað í samfélaginu. Nú tókum við upp þriggja tunnu kerfi fyrir fjóra flokka af sorpi, þar sem ein tunnan hefur auka hól.

Helstu breytingar frá fyrra tunnukerfi er að nú er farið að flokka pappír og pappa sérstaklega frá plasti og komið er innra ílát fyrir lífúrgang í tunnu undir almennt sorp.

Samstarf við íbúa er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að allir finni hjá sér þörf til að vera hluti af því verkefni að minnka sorp og auka endurvinnslu. Þar með eru íbúar að sýna í verki vilja sinn til að búa í umhverfisvænna samfélagi sem mun auka lífsgæði íbúa.





Sorptunnur í Snæfellsbæ

Staðsetning og aðgengi

Æskilegt er að sorptunnur séu staðsettar við framanvert hús og mikilvægt að gæta þess að aðgengi við losun sé ætíð sem best. Festingar á tunnum skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur. Ganga þarf alltaf vel frá tunnum og gæta þess að ekki fjúki úr þeim. Bent er á að heimilt að innheimta viðbótarlosunargjald samkvæmt gjaldskrá ef draga þarf sorpilát lengra en 15 m frá geymslustað að lóðamörkum, til losunar í hirðubíl.

Ástæður til að hafna sorphirðu

Sveitarfélaginu er heimilt að hafna því að taka á móti úrgangi, hirða og losa sorpilát við eftirfarandi aðstæður:

1. Ílát innihalda úrgang sem ekki á að safna eða flokkun úrgangs er röng.
2. Hindranir eru á leið að ílátum.
3. Ílát er yfirfullt.
4. Ílát finnst ekki.
5. Ílát eða aðstaða brýtur að öðru leyti í bága við kröfur í lögum, reglugerðum eða samþykkt sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.

Auka sorptunnur

Þarftu fleiri eða stærri tunnur? Allir þurfa að flokka í fjóra flokka við heimili, en íbúar geta haft áhrif á fjölda tunna.

Sé óskað eftir aukatunnu eða viðhaldi á tunnu er best að senda tölvupóst á snb@snb.is.

Gefa þarf upp heimilisfang og stærð og fjölda sorpiláta sem óskað er eftir. Hægt er að sjá kostnað vegna viðbótartunnu í gjaldskrá á heimasíðu Snæfellsbæjar.

Íbúðareigendur eru því beðnir að flokka rétt og afla sér upplýsinga um flokkun úrgangs.

Gæta að því að ekki sé neitt fyrir tunnum og moka snjó frá tunnum á veturnar.

Setja ekki of mikinn úrgang í tunnurnar og fara með umfram úrgang í móttökustöð eða sækja um viðbótartunnur.

Síðast en ekki sist að vera vera með sorptunnur á augljósum stað eða ganga úr skugga um að starfsfólk í sorphirðu viti hvar tunnur eru staðsettar.



Móttökustöð í Snæfellsbæ

Opnunartími

Móttökustöð í Snæfellsbæ er að Ennisbraut 38 í Ólafsvík.

Þar er tekið á móti öllum flokkum sorps.

Opið er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15:00 - 18:00, og laugardaga frá kl. 11:00 - 15:00.

Til að tryggja réttan farveg fyrir sorp sem losað er á móttökustöðinni er afar mikilvægt að allt fari í rétta gáma og því skal fylgja merkingum og leiðbeiningum þar um.

Sorp er verðmætt

Sýnum ábyrgð í umhverfismálum og stuðlum að aukinni endurvinnslu.

Draga má úr magni sorps með ýmsum aðferðum. Allt byrjar þetta hjá okkur sjálfum. Hugsum áður en við kaupum og hugsum áður en við hendum.

Endurvinnsla umbúða er umhverfisvænni en frumframleiðsla á nýjum umbúðum og söfnun og jarðgerð á lífrænum úrgangi kemur í veg fyrir myndun metans þegar lífrænn úrgangur er urðaður.

Hvert kílógramm af sorpi kostar mikla fjármuni, en með lágmörkun sorps og aukinni flokkun er hægt að skila ábatanum beint í vasa almennings og fyrirtækja.

Frekari upplýsingar

Á heimasíðu Kubbs eru margvíslegar upplýsingar um sorp- og umhverfismál og verður leitast við að auka upplýsingar á síðunni enn frekar.

Á netinu er jafnframt að finna margar gagnlegar heimasíður um endurvinnslu og úrvinnslu sorps.

Kubbur ehf.:	kubbur.is
Umhverfisstofnun:	ust.is
Úrvinnslusjóður:	urvinnslusjodur.is
Landvernd:	landvernd.is
Fagræð um endurnýtingu og úrgang:	fenur.is